

Umsögn um ljóðabókina *Poems that fell to Earth* eftir Einar Guðmundsson

Guðrún Hreinsdóttir
heimilislæknir

Ljóðabókin er heildstæð hugvekja og hugrenningar höfundar í 30 ljóðum um mannkynið, ástina, draumana, veröldina og alheiminn. Hún sýnir vel virðingu og næmi skáldsins fyrir hinu mannlega og hugsanir hans um hvar við erum stödd í þessum heimi.

Ljóðin geta í senn verið alvörugefin og kímín og í þeim eru líka skemmtileg sjónarhorn á viðfangsefnum. Öll ljóðin eru á ensku en með háttbundinni hrynjandi og rími.

Við lesturinn fer maður inn í hin ólíku sögu svið ljóðanna og finnur stemminguna og er

hrifinn inn í annan heim. Inn á milli eru minningarljóð um frelsishetjur og samferðamenn höfundar. Ljóðin fjalla um hinar smáu nálægu og hlýju tilfinningar og eðli mannsins en líka um smæð mannkynsins í hinum stóra alheimi, vísindin og trúna.

Ljóðin hafa fæst birst áður og eru skrifuð á nokkrum áratugum.

Höfundurinn, Einar Guðmundsson, fékk fyrst ljóð birt í barnaskólablaðinu þegar hann var 7 ára. Það er mjög gleðilegt að höfundur hafi opnast ljóðagluggann á ný með þessari fallegu bók. Heiti bókarinnar fellur vel að efni og efnistöfum höfundar.



Marel gaf fjórar ungbarnavogir á fæðingardeildir

■ ■ ■ Magnús Hlynur Hreiðarsson

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Fjórðungsjúkrahúsinu á Neskaupstað bárust rausnarlegar gjafir frá Marel fyrir jól en það voru ungbarnavogir sem eru sérhannaðar og smíðaðar í vélsmíðju fyrirtækisins í Garðabæ. Tæknin sem stuðst er við kemur úr sjóvinnslu en sjóvogir eru einn af hornsteinum vöruframboðs Marel. Vogirnar eru einstaklega nákvæmar, með 2 g skekkjumörk, og halda nákvæmni sinni þó svo nýburinn sé á hreyfingu meðan hann er vigtaður. Vogirnar koma að góðum notum þar sem nákvæmni í mælingum skiptir oft miklu við mat á heilsu nýbura. „Þannig eru dæmi um að hægt sé að útskrifa börn fyrr þar sem vogin er notuð því auðveldara er að meta þyngd og þyngdaraukningu/tap af meiri nákvæmni en annars. Börnin eru til að mynda sett á vogina fyrir og eftir gjöf til að meta magn



Frá afhendingu ungbarnavogarinnar til fæðingardeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi. Frá vinstri: Þórarinn Kristjánsson frá Marel, Anna María Snorradóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar, Sigrún Kristjánsdóttir yfirljósmóðir og Arndís Mogensen ljósmóðir.

mjólkur sem þau innbyrða hverju sinni svo hægt sé að tryggja að þau nærast nægjanlega vel fyrstu dagana,” segir Óskar Veigu Óskarsson, sölustjóri hjá Marel.

Vogunum fylgir eilífðarábyrgð og mun Marel sjá um allt viðhald á þeim.